Nr. 49.
30.
júlí.

# Lög

um

## breyting á lögum, er snerta kosningarrjett og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfjelaga.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Kosningarrjett í málefnum kaupstaða og hreppsfjelaga hafa allir kaupstaðarbúar og hreppsbúar, karlar og konur, í hverri stöðu sem þeir eru, ef þeir eru 25 ára að aldri þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í kaupstaðnum eða hreppnum síðastliðið ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, standa ekki í skuld fyrir sveitarstyrk og greiða gjald í bæjarsjóð eða hreppssjóð.

Kona gift kjósanda hefir kosningarrjett, þó hún sje ekki fjár síns ráðandi sökum hjónabandsins og þótt hún ekki greiði sjerstaklega gjald í bæjarsjóð eða sveitarsjóð, uppfylli hún að öðru leyti áður greind skilyrði fyrir kosningarrjetti.

2. gr.

Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrjett hefir, sje hann ekki vistráðið hjú. Hjón mega þó aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, heldur eigi foreldrar og börn, nje móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra.

Konum er jafnan heimilt að skorast undan kosningu.

Nr. 49. Lög 30. júlí um breyting á lögum, er snerta kosningarrjett og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfjelaga.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

# Lov

Nr. 49.
30.
Juli.

om

## Forandring af Love angaaende Valgret og Valgbarhed i Købstæders og Repskommuners Anliggender.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, **de Venders og Goters,** Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, **Lauenborg** og Oldenborg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Valgberettigede i Købstæders og Repskommuners Anliggender ere alle Købstadens og Reppens Indvaanere, Mænd og Kvinder, hvilken Stilling de end indtage, saafremt de paa den Tid, da Valget foregaar, have opnaaet 25 Aars Alderen, have haft fast Hjem i Købstaden eller Reppen i det næst forudgaaende Aar, have et uplettet Rygte, ere raadige over deres Formue, ikke staa i Gæld for modtaget Fattigunderstøttelse og svare Skat til By- eller Repskassen.

En Vælgers Hustru er valgberettiget, selv om hun paa Grund af Ægteskabet ikke er raadig over sin Formue og ikke svarer særlig Skat til By- eller Repskassen, hvis hun iøvrigt opfylder de angivne Betingelser for Valgret.

§ 2.

Valgbar er enhver valgberettiget Person, der ikke staar i personligt Tjenesteforhold. Dog kan Ægtefæller aldrig paa samme Tid have Sæde i et Byraad eller Repsforstanderskab, heller ikke Forældre og Børn, eller Bedsteforældre og deres Børnebørn.

Kvinder kan altid undslaa sig for at modtage Valg.

Nr. 49.
30. júlí.

3. gr.

Með lögum þessum er úr lögum numin 4. gr. laga nr. 22 frá 8. okt. 1883, 5. gr. laga nr. 23 frá 8. okt. 1883, 5. gr. laga nr. 15 frá 8. maí 1894, 8. gr. laga nr. 43. frá 10. nóvbr. 1905, 3. gr. laga nr. 86 frá 22. nóvbr. 1907, 5. gr. laga nr. 75 frá 22. nóvbr. 1907 og alt annað það í lögum, sem í bága kemur við þessi lög.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1910.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 30. júlí 1909.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

*Björn Jónsson.*

Nr. 49. Lög 30. júlí um breyting á lögum, er snerta kosningarrjett og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfjelaga.

§ 3.

Nr. 49. 30. Juli.

Ved nærværende Lov ophæves § 4 i Lov Nr. 22 af 8. Oktober 1883, § 5 i Lov Nr. 23 af 8. Oktober 1883, § 5 i Lov Nr. 15 af 8. Maj 1894, § 8 i Lov Nr. 43 af 10. Novbr. 1905, § 3 i Lov Nr. 86 af 22. Novbr. 1907, § 5 i Lov Nr. 75 af 22. Novbr. 1907 samt alle andre Lovbestemmelser, der stride imod nærværende Lov.

§ 4.

Denne Lov træder i Kraft den 1. Januar 1910.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 30. Juli 1909.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Björn Jonsson.***

---

**Islands Ministerium, den 30. Juli 1909.**

***Björn Jonsson.***

*Jon Krabbe,*
kst.

Nr. 49. Lov af 30. Juli om Forandring af Love angaaende Valgret og Valgbarhed i Købstæders og Repskommuners Anliggender.